

## **Ávaxtaryrki 1994-2011 og upplýsingar fyrir miða, tilraunir og sölu:**

*Eftirfarandi er tekið saman af Ólafi Sturlu Njálssyni í Náttuga í Ölfusi árið 2011. Upplýsingar voru unnar upp úr eftirfarandi heimildum: ávaxtatrjáabók og berjarunnabók Leifs Blomqvists í Finnlandi, af miðum sem fylgdu trjánnum til Íslands og á netinu af ýmsum útlendum upplýsingasíðum.*

**Flest eplayrkin eru ágrædd á grunnstofninn Antonovka. Antonovkagrunnstofninn hægir fyrr á vexti þeirra er líður að hausti og stuðlar þar með að betri þroska og undirbúningi trjáanna í tíma fyrir veturinn. (MM-grunnstofnar valda meiri síðvexti og þar með meiri hættu á haustkali sömu eplayrkja). Antonovka grunnstofninn hefur gríðarlegt frostþol, en það er nauðsynlegt þegar frostið getur farið niður í minus 30-40 gráður niður við jörðu (skeður ósjaldan í Finnlandi).**

**Stöku eplayrki eru ágrædd á grunnstofninn B9, sem stuðlar að minni vexti hjá trjánnum. Þau verða þá mjög smávaxin og þurfa alla sína tíð stuðning, staur, við stofninn, þar sem rótin er frekar lítil. Slík smávaxin tré henta vel í minnstu garðana og “plássleysi” kaldra gróðurskála.**

**Eplayrkin eru flokkuð í sumaryrki, haustyrki og vetraryrki.**

**Gróflega sagt tákna þessi flokkun:**

**Sumaryrki: Eplin þroskast mjög snemma (ágúst) til snemma (byrjun september) og er góð fersk til átu beint af trénu. Sumaryrki hafa oft engan eða mjög stuttan geymslutíma í kæli, oftast einungist fáeinar vikur áður en þau verða mjölkenn.**

**Haustyrki: Eplin þroskast í september og flest eru góð til átu beint af trénu, en hafa lengri geymslutíma í kæli, nokkrar vikur.**

**Vetraryrki: Eplin þroskast frá miðjum september og fram í október, en þau eru oftast ekki þroskuð og mjúk undir tönn fyrr en eftir kalda geymslu (í miklum raka og kringum 2-6°C) t.d. í niðurgröfnum óupphituðum kjallara, í nokkra mánuði, venjulega 3-4 mánuði.**

**Í yrkislýsingunni er tekið sérstaklega fram í hvað eplayrkið hentar t.d. ferskt til átu strax, sem dessertepli, í eplamós, sultu, safu, niðursuðu eða víngerð.**

(Númer innan sviga er númer yrkisins við komu í Náttuga)

**Malus ‘Transparente Blanche’ (1) Sumaryrki, sennilega baltneskt, mjög gamalt yrki a.m.k. síðan um 1850, Fin1-3(5) (talið að tveir klónar séu í ræktun og að annar sé miklu harðgerðari, en þetta mun vera í skoðun), grunnstofn: Antonovka. Miðlungsstórt-stórt, gulgrænt, ilmandi epli. Aldinkjöt safaríkt, þægilega sætt með líflegu vínsúru bragði. Mjög gott ferskt og fínt í eplamós. **Góður frjógjafi.** Gefur aldin fljótt. Tréð með víða greinvinkla. Þrífst vel í skjólgóðum, íslenskum garði á sólríkum stað.**

**Malus ‘Sävstaholm’ (2) sumaryrki, sænskt síðan 1835, móðurtréð enn hraust árið 2003, Fin1-4, grunnstofn: Antonovka. Miðlungsstórt, gulgrænt epli, rauðröndótt sólarmegin. Safaríkt, ilmandi, hvítt, fínkorna, þægilega vínsætsúrt. Dessertepli og gott í matvinnslu, þó ekki ofþroskað. Stuttur geymslutími. Þrífst vel í skjólgóðum, íslenskum garði á sólríkum stað. Mátulega lítið tré, sterkt gegn sjúkdómum. Ber aldin fljótt.**

**Malus ‘Pirja’ (5) sumaryrki, finnskt síðan 1980 (frá Huvitus x Melba), Fin1-5, grunnstofn: Antonovka. Frekar miðlungs-smá, rauðröndótt, ilmríkt epli, Aldinkjöt meyr og fínkorna, þægilega**

sætvínsúrt. Best ferskt. Smávaxið tré, ber aldin fljótt. Því miður móttækilegt fyrir aldinskyrfi (Venturia). Sennilega eitt snemmþroskaðasta eplayrki heims, þarf aðeins 920 hitagráður í varmasummu til að þroska epli (flestar önnur yrki þurfa yfir 1100 gráður!

**Malus ‘Rescue’** (4) sumaryrki, kanadískt, þolir 43°C frost, Fin1-5(6), grunnstofn: Antonovka. Bæði skrautepli og dessertepli. Lítil rauð epli, sætvínsúrt bragð. Hvít blóm. Því miður nokkuð móttækilegt fyrir aldinskyrfi og aldinmyglu (monilia).

**Malus ‘Borgovskoje’** (7) sumaryrki, rússneskt, þekkt í Austur-Finnlandi frá lokum 19. aldar, Fin1-6, grunnstofn: Antonovka. Ljósgrunt epli, sætt bragð. Ung tré mynda stór aldin. Uppskerumikið.

**Malus ‘Borgovskoje’** (6) sumaryrki, rússneskt, þekkt í Austur-Finnlandi frá lokum 19. aldar, Fin1-6, grunnstofn: **B9(veiktvaaxandi)**. Ljósgrunt epli, sætt bragð. Ung tré mynda stór aldin. Uppskerumikið.

**Malus ‘Gerby Tidiga’** (8) sumaryrki, gamalt, sjaldgæft, finnskt frá Vasa-héraði um 1940, Fin1-4, grunnstofn: Antonovka. Hart, safaríkt, ljósgrænt, dessertepli með rauðri skurn, sætt bragð með góðu jafnvægi á milli sæts og súrs. Hefur stuttan geymslutíma. Uppskerumikið. **Rauðleit blóm**. Frískt yrki, sjaldan aldinskyrfi og reyniberjalirfu.

**Malus ‘Hampus’** (9) sumaryrki, gamalt miðevrópskt yrki frá 16. öld, Fin1-3, grunnstofn: Antonovka. Smátt, flatkringlótt epli, rauðbrúnt á sólarhlíðinni, með þykka skurn og safaríkt, meyrtdaldinkjöt. Bragðbest ferskt. Smávaxið tré sem þarf mikla næringu fyrir vöxt og uppskeru. Uppskerumikið og ber aldin fljótt. Sterkt gegn sjúkdómum.

**Malus ‘Korobovka’** (10) sumaryrki, hvítrússneskt, Fin1-5(6), grunnstofn: Antonovka. Smá, gul, rauðblettuð, safaríkt og hunangskrydduð epli með gulleitu aldinkjöti. Dessertepli og einnig í safu og niðursuðu. Engin sérstök vandamál með sjúkdóma.

**Malus ‘Gubbäpple’** (38) haustyrki, sænskt, Fin1-5, grunnstofn: Antonovka. Safaríkt, rauðleitt epli, þekkt í sænsku dölunum á 18. öld.

**Malus ‘Huvitus’** (39) sumaryrki, finnskt, þekkt frá lokum 19. aldar, Fin1-4, grunnstofn: Antonovka. Skærrautt, dessertepli, lítið til miðlungsstórt, þægilega vinsætsúrt, með næstum alhvítt, safaríkt aldinkjöt. Geymist bara 2 vikur. Mjög gott ferskt og í mós. Smávaxið tré sem ber aldin fljótt. Uppskerumikið og þarf að grisja ávextina. **Góður frjógjafi** fyrir önnur yrki. Nokkuð móttækilegt fyrir aldinskyrfi.

**Malus ‘Konfetnoje’** (40) sumaryrki, rússneskt, úr Papirova x Korobovka, Fin1-4(5), grunnstofn: Antonovka. Safaríkt, miðlungsstórt, gult, dessertepli með ilmandi, grófkorna aldinkjöti og sætt bragð. Bæði bragð og ilmur minna á perur. Byrjar fljótt að gefa uppskeru. Smávaxið tré. Sjaldan með reyniberjalirfu eða aldinskyrfi.

**Malus ‘Lepaan Meloni’** (41) sumar-haustyrki, finnskt, Fin1-5(6), grunnstofn: Antonovka. Safaríkt, miðlungsstórt epli með melónukeim og sætt bragð. Aldinkjötið mjúkt og fínkorna. Þunn, glansandi skurn. Ekkert vinsúrt bragð. **Góður frjógjafi** fyrir önnur yrki. Myndar aldin eftir 5-7 ár.

**Malus ‘Moskvas Pärönäpple’** (42) haustyrki, rússneskt frá 18. öld (Moscow Pear í Kanada), Fin1-4, grunnstofn: Antonovka. Fallegt, miðlungsstórt, gult og rauðyrjótt epli með eðalilmi sem minnir á perur. Þægilegt vinsætsúrt bragð. Gott ferskt og í matvinnslu. Ber aldin fljótt.

**Malus ‘Rödluvan’** (43) haustyrki, sænskt frá 1994 (frá Lobo x Barhatnoe), Fin1-4, grunnstofn: Antonovka. Miðlungsstórt til stórt, ávalt, ilmríkt epli með dökkrauðri skurn. Aldinkjöt hvítt, hart, safaríkt og sætsúrt í góðu jafnvægi. Best ferskt, missir fljótt fína ilminn í geymslu. Uppskerumikið, smávaxið, fallett tré. Ber aldin fljótt. Frekar hraust, en sum ár getur borið á aldinskyrfi.

**Malus ‘Salla’** (44) haustyrki, eistneskt frá 1980, Fin1-4(5), grunnstofn: Antonovka. Skrautepli, hvít blóm, lítil gul epli, rósrauð sólarmegin, þægilega sætt og örlítið vínsúrt bragð. Lítil desserteppli, einnig fínt í niðursuðu og sultur. Ríkuleg blómgun og uppskera. Fallett, þéttgreinótt tré.

**Malus ‘Silva’** (45) sumaryrki, sænskt síðan 1945 (frá Melba x Stenbock), Fin1-4(5), grunnstofn: Antonovka. Miðlungsstórt til stórt, nokkuð safaríkt gulgrænt epli með roðablettum. Milt, sætvínsúrt, fínlegt, þægilegt bragð. Gott ferskt epli og fínt í eplamós. Geymist í tvær vikur. Hraust yrki, ekkert eplaskyrfi og sjaldan reyniberjalirfa. Jafn snemmþroska aldin og hjá Transparente Blanche.

**Malus ‘Suislepp’** (46) sumaryrki, eistneskt frá 19. öld, Fin1-5, grunnstofn: Antonovka. Miðlungsstórt, gulhvítt og rauðyrja, fallett epli með yndislegum ilmi. Sætsúrt bragð, þægilega sætt og minnr á hindber, Gott ferskt og í matvinnslu (þó ekki ofþroskað). Geymist í 4-6 vikur. Ber aldin fljótt. Hraust yrki. **Sjálfsfrjótt að hluta** og **góður frjógjafi** fyrir önnur yrki.

**Malus ‘Vit Nalif’** (47) sumaryrki, rússneskt a.m.k. síðan 1865 (Bély Nalif, Nalifnoje Bélye, Alabasterpipping), Fin1-5, grunnstofn: Antonovka. Stórt, egglaga-kringlótt, grænhvítt epli. Þolir illa högg. Aldinkjöt laust, safaríkt, dálítið vínsúrt og sætt. Best ferskt og í matvinnslu (t.d. gelé). Harðgert og gott í stað Transparente Blanche í köldu loftslagi. Mjög stór, hvít blóm, 6 cm breið.

**Malus ‘Arbat’** (55) haustyrki, rússneskt, harðgert, Fin1-4, grunnstofn: Antonovka. Miðlungsstór, græn og rauð desserteppli, mjög stuttstilkud. Ferskt, sætvínsúrt bragð, meyr, safaríkt aldinkjöt. Súlueplatré sem þarf tæpast klippingu.

**Malus ‘Astrakan Gyllenkrok’** (56) sumaryrki, gamalt sænskt yrki frá lokum 17. aldar, Fin1-3(4), grunnstofn: Antonovka. Miðlungsstórt, grænt og gult, rauðblettótt, safaríkt, desserteppli. Mjög bragðgott, meyr aldinkjöt. Uppskerumikið. Ber aldin fljótt, innan 2-3 ára.

**Malus ‘Astrakan Storklar’** (57) sumaryrki, sænskt, Fin1-4, grunnstofn: Antonovka. Sætt bragð, safaríkt, stórt, desserteppli með ljósrauða skurn sólarmegin. Ber aldin fljótt.

**Malus ‘Bergius’** (58) (annað nafn: Röd Sävstaholm) sumaryrki, sænskt, þekkt síðan 1919, Fin1-4, grunnstofn: Antonovka. Skærrautt, ílangt epli, hvítt, fínlegt, safaríkt aldinkjöt, þægilega sætvínsúrt. Uppskerumikið, smávaxið tré. Ber aldin fljótt, 2-3 ára. **Góður frjógjafi**. Sterk mótstaða gegn sjúkdómum.

**Malus ‘Förlovningsäpple** (trúlofunarepli) (59) sumar-haustyrki, sænskt frá lokum 19. aldar, Fin1-5, grunnstofn: Antonovka. Stórt, safaríkt, dálítið ilmandi, gulhvítt epli, sem á að borða strax. Bragðið milt, sætt og örlítið vínsúrt. Uppskerumikið og ber fljótt aldin.

**Malus ‘Gallen’** (60) sumaryrki, finnskt, Fin1-5, grunnstofn: Antonovka. Ljós gult, mjög bragðgott, safaríkt, dálítið sætsúrt og velilmandi epli. **Bleik blóm**. Ber aldin fljótt. Frískt yrki sem sjaldan fær sveppasýkingar.

**Malus ‘Gerby Kanel’** (61) sumaryrki, finnskt frá Vasa héraði um 1940, Fin1-5, grunnstofn: Antonovka. Proskast fyrr, sætsúrt, safaríkt með veikum kanelilmi. Sætara bragð en hjá Kanel. Ber aldin fljótt.

**Malus ‘Grenman’** (62) haustyrki, finnskt frá um 1850, Fin1-5, grunnstofn: Antonovka. Frekar smá, gul og rauðyrjótt epli, sætt og kryddað bragð með vínsúrum keimi, aldinkjöt gulhvítt, safaríkt og hart. Borð- og dessertepli. Einnig mjög gott í safa, mós og líkjöra. Uppskerumikið. **Góður frjógjafi.** Frískt yrki.

**Malus ‘Gul Kanel’** (63) haustyrki, rússneskt síðan 1850, Fin1-5(6), grunnstofn: Antonovka. Skurnin glansandi af vaxi. Safaríkt, sætsúrt epli með áberandi kanelilmi. Ilmur sterkur og þægilega kryddaður. Uppskerumikið. Ber ávöxt eftir 5-8 ár. Gott ferskt, í bakstur, safa og mós. **Góður frjógjafi.** Frískt yrki.

**Malus ‘Gyllene Kitajka’** (64) sumaryrki, rússneskt þekkt síðan 1907, undan Vit Nalif x Kitajka, Fin1-5(6), grunnstofn: Antonovka. Lítið, skærgult, ljúflega sætsúrt, safaríkt epli. Örstuttur aldinstilkur = “situr á greininni”. Ber ávöxt eftir 1-3 ár. Smávaxið tré. **Sjálfsfrjótt** og **góður frjógjafi.** Hefur tilhneigingu til að bera ávöxt annað hvert ár. Frekar frískt yrki.

**Malus ‘Charlamovsky’** (65) haustyrki, rússneskt frá 16. öld (önnur nöfn Charlamovsky og Duchess of Oldenburg), Fin1-5, grunnstofn: Antonovka. Stórt, hart, safaríkt, ísúrt, ljósgrænt epli, með rauðum bletti. Uppskerumikið, smávaxið tré. Ber aldin fljótt. Best í safa, mós, sultu og niðursuðu. Eftir hlý, góð sumur, einnig gott ferskt. **Rauðleit blóm.**

**Malus ‘Jätte Melba’** (66) sumar-haustyrki, nýtt finnskt yrki, frá Melba x Huvitus, Fin1-3(4), grunnstofn: Antonovka. Stórt, safaríkt, rauðbleikt dessertepli með dálítið ísúrt bragð. Getur stöku sinnum fengið aldinskyrfi.

**Malus ‘Kersti’** (67) sumaryrki, þekkt yrki í Austur-Finnlandi, Fin1-5, grunnstofn: Antonovka. Miðlungsstórt, ílangt, safaríkt, rauðröndótt epli með sætu bragði, örlítið vínsúrt. Best ferskt. Byrjar snemma að bera aldin. Hraðvaxta, en fær síðan slútandi greinar og minnir á regnhlíf í laginu. **Ekki góður frjógjafi.** Frekar laust við sjúkdóma.

**Malus ‘Mormors äpple’** (ömmuepli) (68) haustyrki, finnskt af 100 ára gömlu tré í Mið-Finnlandi, Fin1-4(5), grunnstofn: Antonovka. Flatkringlótt, gult epli með rósroða á sólarhliðinni, safaríkt með mjög veiku vínsúru bragði og mildum, góðum ilmi. Miðlungsstórt tré með láréttar greinar. Uppskerumikið og ber aldin fljótt. Gott ferskt og í matvinnslu. Nokkuð frískt yrki.

**Malus ‘Pekka’** (70) haustyrki, finnskt frá 1999, (frá Lobo x Huvitus), Fin1-4, grunnstofn: Antonovka. Fallegt, miðlungsstórt, dökkrautt, fallega ávalt epli, með rauðröndótt aldinkjöt, sem gefur rauðan aldinsa. Gott ferskt. Uppskerumikið, frískt, smágert tré með gisinni greinasetningu.

**Malus ‘Pekkala’** (71) sumar-haustyrki, rússneskt, þekkt síðan 1916, Fin1-4(5), grunnstofn: Antonovka. Flatkringlótt, miðlungsstórt, orans til rauðleitt epli, mjög safaríkt með fersku sætsúru bragði og mjög góðum ilmi. Gott ferskt og í matvinnslu. Gefur aldin eftir 3-4 ár.

**Malus ‘Dzin’** (72) haustyrki, rússneskt, harðgert, þolir mínu 35°C, Fin1-5, grunnstofn: Antonovka. Miðlungsstórt, grænt dessertepli með fölum roða. Sætt og bragðgott. **Súlueplatré** sem þarf ekki klippingu. **Sjálfsfrjótt.** Hraust og laust við aldinskyrfi og mélu.

**Malus ‘Petteri’** (73) sumaryrki, finnskt, síðan 2003 (frá Lobo x Huvitus), Fin1-3, grunnstofn: Antonovka. Miðlungsstórt, dökkrautt epli. Aldinkjötið rauðleitt, með veikum ilmi og þægilega vínsætsúrt. Hægt að geyma í margar vikur. Best ferskt. Fallett tré með góða greinvinkla.

**Malus ‘President’** (74) haustyrki, rússneskt, nýtt harðgert yrki, Fin1-4, grunnstofn: Antonovka. Stór, græn epli. Súlueplatré sem þarf ekki klippingu.

**Malus ‘Ranta-Aho Golden’** (75) haustyrki, finnskt frá Vetil í byrjun 20. aldar, Fin1-5(6), grunnstofn: Antonovka. Miðlungsstórt, ljósgult epli, ilmrikt bragð, milt, sætt, veikt vínsúrt, fínlegt eðalbragð! Gott ferskt, einnig í mós fyrir fullþroskun. Mjög frostþolið tré með breiðri krónu og slútandi greinum. Engin stór vandamál með sjúkdóma.

**Malus ‘Sandra’** (76) haustyrki, finnskt frá 1996 (frá Lobo x Huvitus), Fin1-4, grunnstofn: Antonovka. Miðlungsstórt, rautt epli. Aldinkjöt miðlungskorna, safaríkt, rauðskotið, mildur ilmur með góðu jafnvægi milli sæts og súrs bragðs. Gott ferskt og hægt að geyma í nokkrar vikur. Fær stundum aldinskyrfi, en ekki til vandræða.

**Malus ‘Sanna’** (77) haustyrki, finnskt, þekkt síðan í byrjun 20. aldar, Fin1-5, grunnstofn: Antonovka. Miðlungsstórt, flatkringlótt, ljóst, roðayrjótt epli. Aldinkjöt frekar hart, í súrara lagi með dálítlu sætu. Gott í þæ og sultur. Harðgert tré, nokkuð móttækilegt fyrir aldinskyrfi.

**Malus ‘Sockermiron’** (78) sumaryrki, rússneskt, þekkt síðan á 19. Öld (Mironovka, Mironoje), Fin1-5, grunnstofn: Antonovka. Miðlungsstórt, safaríkt, gult, rauðröndótt epli. Bragðið sætt, næstum alveg án vínsúrs keims. Gott ferskt, sérstaklega fyrir þá sem þola ekki súrt bragð. Hraðvaxið tré. **Góður frjógjafi**. Ber aldin eftir nokkur ár.

**Malus ‘Tsaarin Kilpi’** (79) haustyrki, eistneskt a.m.k. síðan 1885 (aino-omena, Tsáriskij schip), Fin1-6, grunnstofn: Antonovka. Miðlungsstórt-stórt, grængult, rauðröndótt epli. Aldinkjöt safaríkt, fínkorna, laust, sætara en súrt. Miðlungsgott ferskt, en langbest í eplamós! Stuttur geymslutími. Fínt í samplöntun með Borgovskoje. Mjög uppskerumikið. Tréð myndar opna, bjarta krónu með slútandi greinar.

**Malus ‘Valkealan Syysomena’** (80) haustyrki, finnskt, þekkt a.m.k. síðan 1860, Fin1-4, grunnstofn: Antonovka. Mjög stórt, gult, dálítið rauðyrjótt epli. Aldinkjöt meyr, safaríkt með dálítið vínsætsúru og þægilegu bragði. Mjög bragðgott epli. Geymist í 3-5 vikur. Ber aldin snemma.

**Malus ‘Veiniöun’** (víneppli) (81) haustyrki, eistneskt frá 1950 (Troogoja x Komsomolets), Fin1-4, grunnstofn: Antonovka. Miðlungsstórt, dökkllillarautt, súrt epli. Dökkrauð skurnin með silfurlitri himnu. Aldinkjöt dökkrautt. Of súrt til átu, en mjög gott í víngerð, safu og eplamós (rautt). Tréð er með góða greinvinkla. Gefur aldin fljótt. Frekar hraust, en getur af og til fengið smávegis af aldinskyrfi. **Blóm stór og skærbleik**.

**Malus ‘Wabiscaw’** (90) Fin1-4(5), grunnstofn: Antonovka. Blómrikt, harðgert, skrauteplatré með rauðleit blöð, **dökkbleik blóm** og dökkrauð, smá, súr epli. Fín í niðursuðu.

**Malus ‘Anisovka’** (92) vetraryrki, rússneskt, þekkt a.m.k. síðan í byrjun 19. aldar (Anis koritschnevoje) Fin 1-5, grunnstofn: Antonovka. Tæplega miðlungsstórt, rauðgrænt epli. Aldinkjöt safaríkt með fersku vínsúru sætubragði. Kryddaður þægilegur ilmur. Mjög gott til átu eftir nokkurn

geymslutíma. Geymist vel fram í desember. Aðallega notað í safa- og sultugerð. Uppskerumikið. Hraust, en fær þó gjarnan reyniberjalirfu.

**Malus ‘Turso’** (93) haust-vefraryrki, finnskt, þekkt a.m.k. síðan í byrjun 20. aldar, Fin 1-5, grunnstofn: Antonovka. Fallett epli, stórt, grængult, rauðröndótt sólarmegin. Vínsúrt bragð og verður mildara og fullþroskað eftir nokkurra vikna geymslu. Mjög gott í alls konar matvinnslu, eplamós og bakstur. Myndar aldin eftir nokkur ár. Hraust og fær sjaldan eplaskyrfi og reyniberjalirfu.

**Malus ‘Röd Kanel’** (94) haustyrki, rússneskt, þekkt síðan á 19. Öld (Koritschnevoje), Fin 1-5, grunnstofn: Antonovka. Miðlungsstórt, nær alveg rautt epli, safaríkt, dálítið ísúrt með sterkum kanelilmi. Gott ferskt og í matvinnslu. Ber aldin eftir 5-8 ár. **Góður frjógjafi**. Hraust yrki.

**Malus ‘Linnanmäki’** (69) finnskt, Fin1-3, grunnstofn: Antonovka. Lágvaxið skrauteplatré með **dökkrauð, tvöföld blóm**. Fínt í litla garða og kerjaræktun. Aldin dökkrauð. Ung blöð rauð í byrjun. Fallett, smávaxið tré fyrir litla garða.

**Malus ‘Saarijärvi’** (102) haustyrki, finnskt frá Kuhno, Saarijärvi. Fin1-5, grunnstofn: Antonovka. Rautt, miðlungsstórt-stórt, minnir á Bergius, en harðara. Sætísúrt, ilmríkt bragð. Hraust yrki sem sjaldan veikist af eplaskyrfi.

**Malus ‘Junost’** (103) haustyrki, rússneskt frá 1938 (Gul Kanel x Transparente Blanche). Fin1-5, grunnstofn: Antonovka. Miðlungsstórt með brennisteinsgult og vaxað hýði. Aldinkjöt meyr, safaríkt, sætt og dálítið kryddað bragð. Fínt bæði ferskt og í matvinnslu. Hraust, stórt tré og hentar í lífræna ræktun. Ber aldin fljótt.

**Malus ‘Vuokko’** (104) sumaryrki, finnskt frá 1999 (Melba x Huvitus). Fin1-3, grunnstofn: Antonovka. Miðlungsstórt-stórt, breiðkeilulaga og grænt. Aldinkjött nokkuð svampkennt, meyr, mjög safaríkt. Bragðið þægilega ferskt, með ísúri sætu. Bæði borð- og matvinnsluepli. Þroskast við hitasummu 1100. Sterktvaxandi tré með góða greinvinkla. Uppskerumikið. En getur fengið bæði ávaxtaskyrfi (Venturia) og ávaxtamýglu (Monilia).

**Malus ‘Royal Beauty’** (105) Fin1-4. Skrauteplatré með dökkbleik blóm og rauðleitu laufi. Smá súr aldin má nýta í sultu. Tréð er með hangandi greinar, regnhlífavaxtarlag.

**Malus ‘Revals Pärönäpple’** (106) haustyrki, eistneskt frá átjándu öld, ræktað í Finnlandi a.m.k. síðan 1860 (Tallins päronäpple). Fin1-4, grunnstofn: Antonovka. Miðlungsstórt með gulum grunnlit og rauðbrúnum þekjulit. Aldinkjöt hart, mjög safaríkt, stundum gegnsætt. Bragðið ferskt sætsúrt með dálitlum perukeimi. Hátt C-vítamín innihald. Bæði gott sem borð- og matvinnsluepli. Fallett tré með reglulegri krónu. Hentar einnig sem skrauttré. Verður mjög þéttgreinótt, þarf að grisja. Ber aldin fljótt. Ekki stórmál með eplaskyrfi.

**Malus ‘Astrakan rök’** (107) sumaryrki, gömul sænsk sort frá 1780, hugsanlega upprunin í Rússlandi. Fin1-4, grunnstofn: Antonovka. Miðlungsstór-stór, safarík aldin, með þægilegu sætísúru bragði. Ilmar þægilega af einkennandi astrakanilmi. Geymslutími stuttur. Gott borðaldin.

**Malus ‘Lavia’** (108) sumaryrki, finnskt frá lokum 19. aldar, frætré frá Lavia lýðskóla. Fin1-4, grunnstofn: Antonovka. Miðlungsstórt-stórt, fallett rautt, flatkringlótt með þunnu, en sterku hýði. Bragðið sætkennt ísúrt, með mildum krydduðum ilmi. Bæði gott borð- og matvinnsluepli. Þroskast í

byrjun september og geymist í nokkrar vikur. Sterktvaxandi tré með uppréttar greinar. Ber aldin 4-5 árum eftir gróðursetningu. Hraust yrki sem mæla má með í lífræna ræktun.

**Malus ‘Rautell’** (109) haustyrki, finnskt frætré frá 1890. Fin1-4, grunnstofn: Antonovka. Miðlungsstór, aflöng, með ljósu, meyru og fínlegu aldinkjöti. Bragðið ferskt vínsúrt með þægilegum sætukeim. Bæði gott sem borð- og matvinnslualdin. Frekar hraðvaxta, mjög fallett tré með granna krónu. Ber aldin fljótt og eftir það á næstum hverju ári. Einnig ræktað sem skrauttré.

**Malus ‘Rupert’** (110) sumaryrki, kanadískt af rússnesku fræi. Fin1-3, grunnstofn: Antonovka. Minnir mikið á Transparente Blanche, en talið betra. Stór aldin, græn, ca. 100 grömm, safarík, meyr. Bragðið sætt með líflegum, ferskum ísúrum tón og þægilega kryddað. Mjög gott ferskaldin. Geymist í nokkrar vikur. Tréð er með góðu vaxtarlagi. Ber fljótt aldin og næstum á hverju ári mikla uppskeru. **Góður frjógjafi.**

**Malus ‘Oton Omena’** (111) haustyrki, finnskt frá byrjun 20. aldar, frá Ilmajoki í suðausturbotni. Fin1-5, grunnstofn: Antonovka. Stórt, keilulaga, gult. Bragðið sætt án áberandi ísúrs keims. Borðaldin fyrir þá sem þola illa súr epli. Geymist í nokkrar vikur. Mikill vöxtur í fyrstu, en byrjar fljótt að gefa aldin og hægir þá á vextinum. Engin vandamál með sjúkdóma.

**Malus ‘Virginsk Rosenäpple’** (124) sumaryrki, eldgamalt evrópskt frá 18. öld, ræktað bæði í Svíþjóð og Finnlandi. Fin 1-4, grunnstofn: Antonovka. Gulhvítt, ilmandi epli. Hvítgult, dálítið vínsúrt, meyr aldinkjöt. Mjög bragðgott beint af trénu og nýtist einnig vel í alls konar matvinnslu. Ber fljótt aldin. Blómstrar oft ríkulega. Dálítið móttækilegt fyrir eplaskyrfi. Þroskast í byrjun-miðs september.

**Pyrus ‘Augusti Pärön’** (11) sænskt yrki (frá um 1850), snemmþroska, Fin1-4, grunnstofn: Pyrus communis. Ljósgrænt-gulgrænt, smátt, gult fullþroska pera, aldinkjöt gróft, laust, dálítið ísúrt, ilmar vel. Mjög bragðgott ferskt, hefur stuttan geymslutíma, borðaldin. Þroskast í lok ágúst-byrjun september. Blómstrar miðlungsmikið. Tréð sterktvaxandi, verður stórt. Uppspera miðlungsmikil í fyrstu, seinna ríkuleg. **Sjálfsfrjótt, en myndar fleiri aldin með frjóí annars peruyrkis. Góður frjógjafi.**

**Pyrus ‘Pepi’** (12) eistneskt yrki. Þroskast í mið-endaðan september, en hægt að tína fyrir og eftirþroska inni. Fin1-4. Grunnstofn: Pyrus communis. Tæplega miðlungsstór, græn með tígulsteinsrauðum sólroða, bragðgóð pera með yndilegt perubragð. Aldinkjötið hvítt, safaríkt og alveg grófkornalaust. Góð fersk, en einnig fín í matvinnslu. Hávaxið tré, en auðvelt að klippa og takmarka stærðina með því. Gefur fljótt af sér aldin og er uppskerumikil. **Sjálfsfrjótt.**

**Pyrus ‘Aune’** (13) finnskt yrki (mjög gömul héraðssort frá Tavastehus í Mið-Finnlandi). Fin 1-4. Þroskast mið-seinnipart september, en hægt að tína fyrir og láta eftirþroskast inni. Grunnstofn: Pyrus communis. Grængul, miðlungsstór, ávöl pera með sólroða. Þægilega sætt bragð og aldinkjött bara dálítið kornótt. Best fersk, en einnig góð í matvinnslu. Geymist í 2 vikur. Tréð er fremur grannvaxið. Gefur fljótt af sér aldin. **Sjálfsfrjótt.**

**Pyrus ‘Tidigt Sommar’** (14) finnskt yrki, eldgömul perusort. Snemmþroska. Fin1-3. Grunnstofn: Pyrus communis. Þroskar aldin í ágúst-september.

**Pyrus ‘Moskovskaja’** (35) rússneskt yrki (blendingur Tonkovetka x Kjure frá um 1940), snemmþroska, Fin1-3, grunnstofn: Pyrus communis. Sæt, miðlungsstór, safarík, græn pera,

tígulsteinsrauð sólarlæggin. Bragðið minnir á peruyrkið ‘Pepi’. Góð fersk, en einnig fín í matvinnslu. Geymist vel fersk í nokkrar vikur. **Sjálfsfrjótt.**

**Pyrus ‘Vasa Päron’** (36) finnskt héraðsyrki frá Vasa við Österbotten. Þroskast um miðjan september. Fin1-5. Grunnstofn: *Pyrus ussuriensis*. Smáar, grænar perur, frekar ísúrar og henta best í matvinnslu. Fallegt, pýramídalagað tré, sem fær flottan haustlit. Verður smám saman stórt tré. Ríkuleg blómgun frekar snemma og ríkuleg uppskera. Gefur fljótt af sér aldin. **Góður frjógjafi.** **Sjálfsfrjótt.**

**Pyrus ‘Olga’** (53) finnskt yrki (blendingur *Pyrus ussuriensis* x finnska *Yleinen suomalainen pääryna*, um 1920), Fin1-5, grunnstofn: *Pyrus ussuriensis*. Þroskast í september. Smá-miðlungsstór, gul, dálítið ísúr, næstum beisk, en safarík pera með grófkornóttu aldinkjöti. Best í sultu, safa og niðursuðu. Er fullbeisk til átu fersk. Blómrikt, stórt tré, flottur gulur haustlitur og fallegt skrauttré. **Sjálfsfrjótt.** **Góður frjógjafi.**

**Pyrus ‘Bondpäron’** (54) Eldgamalt sænskt héraðsyrki. Þrífst norður á svæði 4-5 í Finnlandi. Aldin bragðgóð og þroskast frekar snemma. Grunnstofn: *Pyrus ussuriensis*. **Sjálfsfrjótt.**

**Pyrus ‘Jukka päron’** (112) finnskt yrki. Fin1-3. Grunnstofn: *Pyrus communis*. Sætt bragð og safarík pera. **Sjálfsfrjótt.**

**Pyrus ‘Grev Moltke’** (123) dönsk sort frá Turebyholmen 1850. Þroskast í september-október. Fin1-2, grunnstofn: *Pyrus communis*. Miðlungsstór, sporöskjulaga, gulgræn með rauðbrúnni kinn, safarík með sætu, krydduðu bragði. Góð fersk og í matvinnslu. **Er þrífna og gefur því ekki frjó af sér.** Þarf góðan frjógjafa.

**Súrkirsuberjasortum** er skipt í tvær deildir:

- Amareller, sem eru með ljósan, næstum litlausan aldinsafa og ljósari rauð ber.
  - Moreller, sem eru með dökkan, rauðan aldinsafa og dökkrauð – brúnrauð ber.
- Flestar súrkirsuberjasortir eru sjálfsfrjóar.

**Prunus cerasus ‘Fanal’** (3) súrkirsuber af morellgerð. Þroskast seint í ágúst. Fin1-3. Grunnstofn: Colt. Smávaxið tré, um 3-4 m. hátt og breitt Falleg gljáandi blöð. Hvít ilmandi blóm í júní, í seinna lagi miðað við önnur yrki og sleppur því frekar við sein vorhret. Þroskar stór, dökkrauð, bragðsterk kirsuber á hlýlegum, sólríkum og skjólgóðum stað héraðs. Berin eru best í alls konar matvinnslu. Fyrstu berin fullþroska í ágúst. Fuglar sækja í berin. Þarf sendinn, næringarríkan jarðveg en áburðargjöf í hófi þó. Uppskerumikið, gefur fljótt aldin af sér. **Sjálfsfrjótt.** **Góður frjógjafi.**

**Prunus cerasus ‘Lettisk Låg’** (16) súrkirsuber af morellgerð, lettneskt yrki. Fin1-5. Er **á eigin rót**, 1,5-2 m runni. Dökkrauð kirsuber, dálítið sætari en á Skyggemorell og þroskast tveimur vikum fyrr. **Sjálfsfrjótt.**

**Prunus cerasus ‘Rauhala Morelli’** (17) súrkirsuber af morellgerð, finnskt yrki frá Pihtipudas í Finnlandi. Fin1-4. Grunnstofn: *Prunus avium*. Sennilega af gömlu finnsku frætré. Dökkrauð, sætsúr kirsuber. Góð fersk, en ennþá betri í alls konar matvinnslu. Tréð er fagurlega vaxið og mikið skrauttré. **Sortin er að hluta sjálfsfrjó** og gefur fleiri aldin, t.d. með ‘Sikkola’ sem frjógjafa.

**Prunus cerasus ‘Huvimaja’** (121) súrkirsuber af amarellgerð, finnskt yrki frá Myttäälä herragarði í Pälkäne í Finnlandi. Fin1-4. Grunnstofn: Prunus avium. Þroskast um miðjan ágúst. Miðlungsstór-stór, dálítið súr, en með þægilegum sætum keim, skærrauð, sætari á bragðið en Skyggemorell. Fín fersk til átu beint af trénu, í safu og bakstur. Tréð vex hratt í byrjun og ber aldin fljótt, eftir 1-3 ár. **Óvenju sæt súrkirsuberjasort!** **Sjálfsfrjótt.** **Góður frjógjafi.**

**Prunus cerasus ‘Sikkola’** (52) súrkirsuber af amarellgerð, finnskt yrki frá Leppävesi í Laukas í Mið-Finnlandi. Fin1-5, grunnstofn: Prunus avium. Þroskast um miðjan ágúst. Rauð, frekar sæt á bragðið og með ljósu aldinkjöti. Hentar bæði ferskt í desserta og í frystinn fyrir pæ og safu. Miðlungsstórt tré sem hefur tilhneigingu til að bera aldin annaðhvert ár. Gefur fljótt af sér aldin. **Óvenju sæt súrkirsuberjasort!** **Sjálfsfrjótt.**

**Prunus cerasus ‘Skyggemorell’** (82) súrkirsuber af morellgerð. Um 400 ára gamalt evrópskt yrki. Þroskast um miðjan ágúst. Fin1-3. Grunnstofn: Colt. Miðlungsstór-stór, dökkrauð ber, safaríkt, dökkt, fínlegt, laust aldinkjöt frekar vinsúrt, sem gefur rauðan safu. Góð í matvinnslu, næstum of súr fersk. Hraðvaxta tré, en verður ekki stórt og með dálítið slútandi greinar. Ríkuleg uppskera. **Góður frjógjafi.** **Sjálfsfrjótt.**

**Prunus cerasus ‘Nordia’** (101) súrkirsuber af morellgerð, sænskt yrki frá 1980 (blendingur Tchernokorka x BPr24179). Fin 1-4. Þroskast í byrjun- miðágúst. Harðgert runnkennt, 1,5-3m hátt kirsuberjayrki **á eigin rót.** Lítil dökkrauð ber, dálítið súr og dökkrautt aldinkjöt. Best í alls konar matvinnslu. Þarf sólríkan staður og hóflega næringu. Þrífst vel í grónum, þokkalega skjólgóðum garði hérlendis. **Sjálfsfrjótt.**

**Prunus cerasus ‘Kalmarin Morelli’** (120) finnskt súrkirsuber af morellgerð. Fin1-4. Grunnstofn: Prunus avium. Tréð með niðursveigðar greinar. **Sjálfsfrjótt.**

**Prunus cerasus ‘Arttula’** (122) súrkirsuber af morellgerð, frá Lapinlahti í Norður-Finnlandi. Fin1-4. Grunnstofn: Prunus avium. Þroskast frekar snemma í ágúst. Miðlungsstór, dökkrauðbrún ber með sætsúrt, þægilegt bragð. Fín fersk beint af trénu, í safu, vín, sultu og aðra matvinnslu. Sortin **er að hluta sjálfsfrjó.** Gott að hafa Sikkola eða Huvimaja nálægt sem frjógjafa.

---

**Sætkirsuberjasortum** er skipt í:

a. Villisætkirsuber.

b. Bigarráer, sem eru ræktuðu sætkirsuberjasortirnar.

Sætkirsuberjasortir eru sjaldan sjálfsfrjóar, en besti frjógjafinn fyrir flest yrkin er kanadíska yrkið ‘Sunburst’.

**Prunus avium ‘Brjanskaja rozovaja’** (15) sætkirsuber, rússneskt yrki (fræplanta af yrkinu ‘Muskata Cornaja’). Fin1-3. Grunnstofn: Prunus avium. Þroskast um miðjan ágúst. Miðlungsstór, rósráuð, sæt kirsuber, best fersk beint af trénu. Miðlungsstórt tré. Uppskerumikil. **Þarf frjógjafa** Reynist vel hérlendis.

**Prunus avium ‘Sunburst’** (34) sætkirsuber, kanadísk sort frá 1983 (blendingur Stella x Van). Þroskast í ágúst. Fin1-2. Grunnstofn: Colt. Stór, rauð-dökkrauð kirsuber, sæt, safarík, ilmrikt og ljúffeng. Best ferskt, en einnig góð í matvinnslu. Blómrikt og uppskerumikið. Best er að klippa í júlilok til að forðast sykingar í sárin. **Sjálfsfrjótt** yrki og góður **frjógjafi fyrir önnur kirsuberjayrki.**

**Prunus avium ‘Leningrad Svarta’** (51) sætkirsuber, rússneskt yrki frá um 1930 (Leningradskaja Tsornaja). Fin1-3. Grunnstofn: Prunus avium. Þroskast í lok júlí. Aldin frekar smá næstum svört. Mjög góð fersk, en einnig góð í matvinnslu. Hraðvaxta tré sem gefur ríkulega uppskeru. **Að hluta sjálfsfrjótt.**

**Prunus ‘Schalin’** (91) Kennt við Bengt Schalin garðyrkjustjóra Helsinki. Fin 1-3. Grunnstofn: Prunus avium. Skrautkirsuberjatré með fylltum hvítum blómum. Smávaxið tré, 3-4 m. hátt. Hvít blóm. Sterkur haustlitur. Fyllt blóm þýðir að engin aldin myndast. Reynist vel hérlendis.

**Prunus domesticus ‘Opal’** (89) Sænskt yrki frá Alnarp og Balsgård 1920 (Early Favourite x Oullins Gage). Fin 1-2. Grunnstofn: Prunus ‘St.Julien’. Þroskast í september. Gular- rauðar-fjólubláar plómur. Sætt, ljósgult aldinkjöt. Mjög bragðgóð. Þroskast í september. **Sjálfsfrjótt.**

**Prunus domesticus ‘Kuntala Röd’** (19) mjög gamal finnskt yrki. Þroskast í byrjun september, jafnvel fyrr. Fin 1-4. Grunnstofn: Prunus myrobalana. Miðlungsstór, ilmrík, rauð plóma með sætu bragði. Mjög góð fersk. Steinninn losnar vel frá aldinkjötinu. Frekar smávaxið tré. Gefur fljótt af sér aldin. Uppskerumikið. Hægvaxta tré. **Sjálfsfrjótt. Góður frjógjafi fyrir aðra sortir.**

**Prunus domesticus ‘Sinikka’** (20) finnskt yrki frá Leivonmäki í Mið-Finnlandi. Þroskast snemma í september. Fin 1-5. Grunnstofn: Prunus myrobalana. Smá, kringlótt, blá-dökkblá plóma, gulbrúnt, bragðgott, sætsúrt aldinkjöt. Steininn losnar ekki úr aldinkjöti. Best fersk og hægt að geyma í 2 vikur. Einnig gott í matvinnslu. Ber fljótt aldin. Uppskerumikil. **Sjálfsfrjótt** og blómstrar fullsnemma til að vera góður frjógjafi fyrir aðrar sortir.

**Prunus domesticus ‘Onega’** (21) héraðsyрки frá rússnesku Karelíu, í bænum Soutjärvi við Onegavatnið. Fin1-5. Grunnstofn: Prunus myrobalana. Lítil – miðlungsstór, gul til dálítið oransgul plóma með þægilegt sætsúrt bragð. Gott ferskt og í matvinnslu. Hægt að geyma í margar vikur. Tré vex hægt og er grannvaxið. **Sjálfsfrjótt.**

**Prunus domesticus ‘Smedman’** (22) sænskt yrki, héraðssort frá Smedman í Korsholm um 1940. Fin1-4. Grunnstofn: Prunus myrobalana. Þroskast í september. Miðlungsstórar, rauðar, safaríkar, sætisúrar plómur. Einstaklega ljúffengar ferskar beint af trénu. Steinninn losnar auðveldlega frá aldinkjötinu. Smávaxið-miðlungsstórt, grannt tré. **Sjálfsfrjótt. Góður frjógjafi.**

**Prunus domesticus ‘Vilmitär’** (50) eisneskt yrki frá 1964 (blendingur Wilhelmine Späth x Tartu Kaunitar). Fin1-3. Grunnstofn: Prunus myrobalana. Þroskast í september. Frekar smáar, gular-gulorans plómur. Aldinkjöt dökkgult, mjúkt, ilmríkt og með kröftugu og þægilegu bragði. Steinninn losnar nokkurn veginn úr aldinkjötinu. Miðlungsstórt tré. **Að hluta sjálfsfrjótt, en gefur meiri uppskeru með frjó frá öðru plómuyrki.**

**Prunus domesticus ‘Czar’** (100) Enskt yrki, nefnt eftir Alexander II keisara í Rússlandi sem heimsótti England 1874. Fin1-3. Grunnstofn: Prunus ‘St. Julien’. Bláfjólublá, miðlungsstór-stór plóma, ljósgult, safaríkt aldinkjöt og ilmríkt bragð. Borð- og matvinnslualdin. Sleppir alveg steininum. Þroskast í september. **Sjálfsfrjótt** og **góður frjógjafi.**

**Prunus domesticus ‘Experimentalfältets Sviskon’** (113) sænskt yrki frá 1865, sennilega frætré af Tidiga engelska. Fin1-3. Grunnstofn: Prunus myrobalana. Þroskast í september. Miðlungsstór, aflöng aldin, mjókka mikið í endann, dökkfjólublá með vaxhúð. Aldinkjöt gulgrænt, laust, safaríkt og losnar alveg frá steininum. Mjög bragðgóð við fullþroskun, mjög góð ferskt og í matvinnslu. Tréð vex mikið og gefur aldin á næstum hverju ári. Sterk mótstaða gegn sjúkdómum. **Sjálfsfrjótt.**

**Prunus domesticus ‘Eurasia 21’** (114) rússneskt yrki frá 1986, frætré af sortinni LaCrescent. Fin1-4. Grunnstofn: Prunus myrobalana. Þroskast í byrjun-miðs september. Stór, kringlótt, gulur grunnlitur og rauður þekjulitur. Yfirborðið virkar stálblátt og vaxað. Aldinkjöt gult, sætt og mjög safaríkt, losnar nokkuð vel frá steininum. Ein vinsælasta sortin til átu fersk. Stórt, hraðvaxta tré. **Nokkurn veginn sjálfsfrjótt.**

**Prunus domesticus ‘Sordavala bláplommon’** (116) finnskt yrki. Fin1-4. Grunnstofn: Prunus myrobalana. Blá aldin. Sætt bragð. **Sjálfsfrjótt.**

**Prunus domesticus ‘Siivonens Gulplommon’** (117) finnskt yrki. Fin1-3. Grunnstofn: Prunus myrobalana. Gult, sætt og safaríkt aldin. **Parf frjógjafa.**

**Prunus insititia ‘Silvast Krikon’** (18) finnskt yrki frá Jeppo í Österbotten, um 1930. Fin1-5. Grunnstofn: Prunus myrobalana. Þroskast í byrjun september. Tiltölulega stórar, kringlóttar, safaríkar, sætar plómur með mildu bragði. Mjög góðar ferskar beint af trénu og einnig góðar í matvinnslu. Gefur aldin fljótt og er uppskerumikil. Tréð er miðlungsstórt. **Sjálfsfrjótt.**

**Prunus insititia ‘Suistamo Blåkrikon’** (48) yrki frá rússnesku Karelíu. Fin1-4. Grunnstofn: Prunus myrobalana. Smáar plómur, sætt bragð. **Sjálfsfrjótt.**

**Prunus insititia ‘Himbergs Blåkrikon’** (49) eldgamalt, finnskt héraðsyrki frá Himberg við Pojo. Fin1-4. Grunnstofn: Prunus myrobalana. Þroskast seinnihluta september. Mjög safarík, ilmrík, sæt, dökkblá-fjólublá plóma með mjög þægilegu bragði. Mjög góð ferskar beint af trénu, en einnig góð í sultu. Heldur stærri en plómur Sinikka. Hraðvaxta, mjög uppskerumikið, smávaxið tré eða runni. Blöðin slúta áberandi mikið. Gefur fljótt af sér aldin. Fær sjaldan sjúkdóma. **Sjálfsfrjótt.**

**Prunus insititia ‘Gul Krikon’** (115) finnskt yrki sem fannst í Åbo í byrjun tuttugustu aldar. Fin1-4. Grunnstofn: Prunus myrobalana. Óvenjuleg sort með gul aldin (insititia er venjulega með blá aldin). Sætt og þægilegt bragð. **Sjálfsfrjótt.**

**Sorbus ‘Granatnaja’** (95) sætberjareynir, (blendingur Sorbus aucuparia x Crataegus sanguinea), Fin 1-6. Verður stór runni eða lítið tré, 3-5 metra hátt. Berin stór, dökkrauð og varla að finnast barkarbragð. Fljótur að gefa af sér aldin.

**Sorbus ‘Craucasica’** (85) sætberjareynir, (upplýsingar eru ókomnar) Fin 1-6. Splunkunýtt yrki af sætberjareyni í Finnlandi. Stór runni.

**Sorbus ‘Burka’** (86) sætberjareynir, (blendingur Sorbus aucuparia x Sorbus aria x Aronia arbutifolia). Fin 1-6. Miðlungsstór runni um 1-2 metra hár og breiður. Stór, rauðbrún og sæt ber. Bragð minnir á Aronia-ber (logalaufsber). Fljótur að gefa af sér aldin.

**Sorbus aucuparia ‘Fastigiata’** (118) finnskt úrvalsyrki. Til eru súlureynisortir frá öðrum löndum líka undir sama nafni. Myndar granna krónu með hliðargreinum sem leita lóðrétt upp.

**Amelanchier alnifolia ‘Smoky’** (83) Fin1-6. Kanadískt yrki. Miðlungsstór, sæt, mild ber með frískandi bragði. Runninn verður 2-2,5 metra hár og myndar töluvert af rótarskotum.

**Amelanchier alnifolia ‘Northline’** (84) Fin1-6. Kanadískt yrki. Sæt, mjög bragðgóð, ilmrík ber. Runninn verður 1,5-1,8 metra hár og myndar töluvert mikið af rótarskotum. Uppskerumikið yrki.

**Amelanchier alnifolia ‘Thiessen’** (26) Fin1-6. Stór, bragðgóð ber. Uppskerumikið yrki. Stór runni, 4-5 metra hár. Blómstrar frekar snemma og er því hættara við skemmdum í seinum vorhretum. Dálítill rótarskotsmyndun.

**Vitis ‘Supaga’** (23) baltneskt yrki, mikið frostþol. Græn, sæt vínber með mildu bragði. Uppskerumikið. Mjög góð fersk og einnig fín í víngerð. Þolir að frjósa í köldu gróðurhúsi, en má ekki frjósa eftir að vöxtur er hafinn. Þrífst á Fin1-3 við sólríka og hlýja suðurveggi. Óreynt við vegg utandyra hérlendis.

**Vitis ‘Zilga’** (24) baltneskt yrki, mikið frostþol. Dökkblá, sæt vínber. Mjög góð dessertber og einnig góð í víngerð. Uppskerumikið. Þolir að frjósa í köldu gróðurhúsi, en má ekki frjósa eftir að vöxtur er hafinn. Þrífst á Fin1-4 við sólríka og hlýja suðurveggi. Óreynt við vegg utandyra hérlendis.

**Actinidia kolomitka ‘Annikki’** (25) nýtt finnskt yrki. Fin1-3. Kvenplanta með smá, sæt, græn aldin, mjög bragðgóð. Bragðmeiri en kiwialdinin stóru út úr búð. Klifurplanta sem þarf snúrur til að klifra upp eftir. Aldinin þroskast í ágúst og september. Best er að hrista plöntuna svo aldinin falli niður þegar þau eru þroskuð. Gott að gera þetta tvisvar í viku í 3-4 vikur. Berin er góð fersk, en henta einnig í salötu og fleira. Það þarf að gróðursetja karlplöntu við hliðina, til að berjamyndun verði.

**Actinidia kolomitka** (98) karlplanta.

**Rubus idaeus ‘Veten’** (99) Norskt yrki sem gefur ber utandyra hérlendis, en miklu uppskerumeira í plashúsi. Berin eru rauð, ílöng og bragðmikil. Rótarskotsmyndun hófleg.

**Rubus idaeus ‘Maurin Makea’** (96) finnskt yrki (blendingur milli ræktaðra og villtra hindberjaplanta upp úr 1990). Fin 1-5. Miðlungsstór, góð ber, sem losna auðveldlega af berskaftinu.

**Rubus idaeus ‘Borgund’** (97)

**Rubus idaeus ‘Muskoka’** (87) kanadískt yrki frá um 1950. Fin 1-5. Ávöl, stinn, dökkrauð, sæt, ilmrík ber, sem losna auðveldlega af berskaftinu. Mikil rótarskotsmyndun.

**Rubus idaeus ‘Ottawa’** (88) kanadískt yrki frá 1943. Fin 1-6. Skærrauð, stór, aflöng ber. Bragðið sætt og dálítið ilmandi. Berin losna auðveldlega af berskaftinu. Rótarskotsmyndun hófleg.

**Rubus fruticosus ‘Sibirisk’** (28) rússneskt yrki. Fin 1-6. Stór, svört, ávöl, sæt og ilmrík ber. Þyrnóttar greinar. Fyrstu berin þroskast í ágúst og tína þarf berin í mörgum umferðum fram á haust.

---

### **Hippophae rhamnoides ‘Bornia Guldklimp’** (27)

---

**Vaccinium angustifolium ‘North Country’** (29) Frá Minnesota 1983. Lágvaxinn, aðeins 45-60 cm hár runni, en um meter á breidd. Miðlungsstór ber, 1 gr., mjög bragðgóð og ilmrík. Ekki sjálfsfrjótt, þarf frjógjafa, t.d. ‘North Blue’. Fær flotta haustliti.

**Vaccinium corymbosum ‘North Sky’** (30) Frá Minnesota 1983. Fin 1-5. Lágvaxinn, aðeins 30-45 cm hár runni, en töluvert breiðari. Smá, ilmrík og sæt ber. Algerlega sjálfsfrjótt. Fær flotta haustliti.

**Vaccinium corymbosum ‘North Blue’** (31) Frá Minnesota 1983. Fin 1-4. Um 70-90 cm hár og aðeins breiðari runni. Stór, 2 gr., djúpblá, flatkringlótt, þægilega sæt og dálítið ísúr á bragðið. Mjög góð fersk, en einnig góð í matvinnslu. Sjálfsfrjótt, en gefur enn meiri uppskeru ef gróðursett með yrkinu ‘North Country’.

**Vaccinium corymbosum ‘Alvar’** (32) Um metershár og breiður runni. Finnskt yrki. Fin 1-4. Miðlungsstór, 1,1-1,2 gr., dökkblá, sæt og mild ber. Henta vel í frystingu. Þroskast nokkrum dögum á undan ‘Aino’. Er ekki sjálfsfrjótt, þarf annan frjógjafa t.d. yrkið ‘Alvar’.

**Vaccinium corymbosum ‘Aino’** (33) Um 80-90 cm hár og 100 cm breiður runni, finnskt yrki frá 1998. Fin 1-4. Þroskar berin í ágúst. Miðlungsstór, 1,1-1,2 gr. mild, sæt og ilmrík ber. Er ekki sjálfsfrjótt, þarf annan frjógjafa t.d. yrkið ‘Alvar’.

**Vaccinium corymbosum ‘Chippewa’** (37) Frá Minnesota. 1996. Um 70-100 cm hár og breiður runni. Fin 1-4. Ljósblá, um 2 gr., yndislega sæt á bragðið og ilmrík. Er ekki sjálfsfrjótt, þarf annan frjógjafa, t.d. ‘North blue’.

---

**Ribes nigrum ‘Vertii’** (119) finnskt yrki með græn og mjög bragðgóð ber. Gefur mikla uppskeru héraendis.

Frágengið 10 Mars 2011. Ólafur Sturla Njálsson, Garðplöntustöðinni Nátthaga í Ölfusi.